
BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2021



BYGGÐASTOFNUN

Helga Harðardóttir
Kristján Þ. Halldórsson

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| 1. Meginniðurstöður 2021 | 5 |
| 2. Markmið og tilgangur | 9 |
| 3. Verkefnislýsing | 10 |
| 4. Þátttökubýggðarlög | 13 |
| Glæðum Grímsey | 13 |
| Áfram Árneshreppur | 17 |
| Öll vötn til Dýrafjarðar | 20 |
| Betri Borgarfjörður | 24 |
| Betri Bakkafjörður | 31 |
| Sterkar Strandir | 34 |
| Byggðarlög sem lokið hafa þátttöku í Brothættum byggðum | 39 |
| 6. Íbúapróun | 40 |
| 7. Umfjöllun um nokkur af fjölmörgum áhugaverðum verkefnum sem hafa hlotið stuðning úr Brothættum byggðum í byggðarlögum sem eru í framkvæmdaáfangu verkefnisins | 41 |
| 8. Athugun á viðhorfum til verkefnisins Brothættar byggðir | 44 |
| 9. Viðaukar | 45 |
| Viðauki I. Glæðum Grímsey, staða starfsmarkmiða | 45 |
| Viðauki II. Áfram Árneshreppur, staða starfsmarkmiða | 51 |
| Viðauki III. Öll vötn til Dýrafjarðar, staða starfsmarkmiða | 54 |
| Viðauki IV. Betri Borgarfjörður, staða starfsmarkmiða | 56 |
| Viðauki V. Betri Bakkafjörður, staða starfsmarkmiða | 60 |
| Viðauki VI. Sterkar Strandir, staða starfsmarkmiða | 65 |

INNGANGUR



Litadýrð á Djúpvík í Árneshreppi

Hartnær tíu ár eru síðan verkefnið Brothættar byggðir hóf göngu sína. Í upphafi verkefnisins var hugmyndin sú að búa til aðferð eða verklag sem hægt væri að yfirfæra á byggðarlög sem stæðu frammi fyrir sambærilegum vanda, þ.e. viðvarandi fækkun íbúa og erfiðleikum í atvinnulífi. Raufarhöfn var fyrsta byggðarlagið sem tók þátt í verkefninu Brothættum byggðum. Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hófst árið 2012 og því lauk árið 2018. Segja má að verklag, framkvæmd og framvinda Brothættra byggða hafi mótast og þróast í fyrstu með þátttöku fyrsta byggðarlagsins, Raufarhafnar, ásamt þátttöku þeirra þriggja sem á eftir fylgdu. Það voru Bíldudalur, Breiðdalur og Skaftárhreppur. Reynslan og árangurinn af þeim verkefnum varð leiðarljósið í þeim byggðarlögum sem síðar hafa tekið þátt í verkefninu. Á árunum 2015-2016 kynntu fulltrúar Byggðastofnunar og aðrir hagaðilar sér sambærileg byggðapróunarverkefni í öðrum löndum, einkum í Noregi og í Skotlandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur einu sinni framkvæmt úttekt á verkefninu Brothættar byggðir, var það árið 2014 – 2015 og sá EY Ísland um úttektina fyrir þeirra hönd sjá [hér](#). Á döfinni er að framkvæma mat á verkefninu Brothættar byggðir nú þegar verkefnið hefur staðið yfir í um áratug.

Árið 2016 var sérstök verkefnislýsing Brothættra byggða gefin út hjá Byggðastofnun og var hún byggð á reynslu í Brothættum byggðum, fyrirmyndum í öðrum löndum og ráðum og ábendingum úr úttekt EY Ísland. Frá þeim tíma hafa þátttökubýggðarlög í verkefninu unnið samkvæmt þeirri verkefnislýsingu og eru einstök atriði uppfærð eftir því sem tilefni er til. Uppfærslur eru birtar jafn óðum á heimasíðu Byggðastofnunar. Í verklagi samkvæmt verkefnislýsingunni felst m.a. að verkefnisstjórar eru ráðnir í hverju byggðarlagi, aðferð við úthlutun styrkja er fest í sessi og ákveðnir verkþættir settir fram. Verkefninu er skipt upp í fjóra áfanga þeir eru: undirbúningur, íbúabínging og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfangi og lokaáfangi. Þegar verkefni í hverju byggðarlagi eru komin í lokaáfanga eru væntingar um að frumkvæði og drifkraftur sem einkennt hefur þátttöku íbúa byggðarlagsins á verktímabilinu haldi

áfram í formi áframhaldandi nýsköpunar og skilvirkri eftirfylgni sveitarfélags og íbúa á þeirri framtíðarsýn sem sett var fram í upphafi verkefnis.

Þátttökubbyggðarlögin í Brothættum byggðum eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun og skekk aldursdreifing. Skortur er á húsnæði og á það jafnt við um íbúðarhúsnæði til sölu, leiguíbúðir og atvinnuhúsnæði. Bætt fjarskipti og umbætur í raforkumálum eru brýn málefni víða, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Ákveðinn hámarksfjöldi byggðarlaga getur tekið þátt í verkefninu á hverjum tíma og ræðst sá fjöldi meðal annars af fjármunum til verkefnisins. Byggðastofnun eða byggðarlag (fyrir milligöngu sveitarfélags) geta haft frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku og sérstakir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og forgangsraða byggðarlögum til þátttöku.

Alþingi samþykkti sumarið 2022 stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Aðgerðaáætlun byggðaáætlunar gildir frá 2022-2026 og kveður á um 44 aðgerðir, þar með talið Brothættar byggðir. Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið starfrækt í um 10 ár og er orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun í samfélögum sem m.a. hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og erfiðleika í atvinnulífi undanfarin ár. Ýmsar vísbendingar eru um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif í þátttökubbyggðarlögunum til þessa. Til dæmis má nefna aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir bæði með og án verkefnastyrkja. Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu verkefna í Brothættum byggðum í hverju þátttökubbyggðarlagi fyrir sig árið 2021. Einkum verður stuðst við gögn úr ársskýrslum verkefnisstjórnanna. Jafnframt verður reynt að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í heild. Eftir atvikum verður stuðst við gögn frá fyrri árum verkefnisins svo og við verkefnisáætlanir, það er framtíðarsýn og markmið einstakra byggðarlaga. Í mars 2020 samþykkti Alþingi að veita fjármunum í sérstakt tímabundið fjárfestingarátak í Brothættum byggðum að upphæð 100 m.kr. Verkefnið skilaði umtalsverðum árangri í stuðningi við frumkvöðla og auknum umsvifum í Brothættum byggðum á árinu 2020. Uppgjör verkefna vegna fjárfestingarátaks stjórnvalda 2020 var langt komið í árslok 2021.

Myndir í skýrslunni tók Kristján Þ. Halldórsson ef frá eru taldar tvær myndir Laufeyjar Kristínar Skúladóttur á blaðsíðum 35 og 36. Mynd á forsíðu: Borgarfjörður eystri í haustlitum

1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2021



Kópaskersviti í skammdegisbirtu

Á árinu 2021 var Byggðastofnun aðili að sex verkefnum undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

| | |
|---------------------------------|----------------------------|
| Glæðum Grímsey | Betri Borgarfjörður |
| Áfram Árneshreppur | Betri Bakkafjörður |
| Öll vötn til Dýrafjarðar | Sterkar Strandir |

Í hverju verkefni starfar verkefnisstjóri. Landshlutasamtök og/eða atvinnuþróunarfélög hafa ráðið verkefnisstjórana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess. Veittir voru styrkir í byggðarlögunum, alls að upphæð 42 milljónir króna á árinu 2021. Nánari upplýsingar um styrki er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar, sjá [hér](#). Ákveðið var í upphafi árs að úthluta 7 m.kr. í hverju hinna sex þátttökubbyggðarlaga á grundvelli fjárhagsáætlunar Brothættra byggða. Á árinu var framhald á mikilvægu samstarfi Brothættra byggða og Orkuseturs/Orkusjóðs með átaki þeirra síðarnefndu í orkusparandi verkefnum á íbúðarhúsnæði í Brothættum byggðum. Að þessu sinni unnu húseigendur á Bakkafirði að endurbótum húsa sinna eftir að hafa gert samning við Orkusetur/Orkusjóð um styrki til endurbóta á íbúðarhúsnæði á árinu 2020 gegn móttframlagi húseigenda. Líkt og í öðrum byggðarlögum þar sem samstarfið hefur verið hvetur það húseigendur til verulegra endurbóta og gjarnan bætir það ásýnd húsanna og þar með þorpsins í leiðinni.

Glæðum Grímsey

Stjórnvöld fóru þess á leit við Byggðastofnun á fyrri hluta árs 2021 að framlengja verkefnið Glæðum Grímsey um eitt ár, til loka árs 2022. Byggðastofnun varð við þeirri ósk. Nýr verkefnisstjóri, Arna Björg Bjarnadóttir, hóf störf um mitt ár 2021 og leysti þá fyrrum verkefnisstjóra af hólmi, Karenu Nótt Halldórsdóttur. Karen Nótt hélt þó áfram þátttöku í verkefninu sem fulltrúi íbúa í verkefnisstjórn. Í ljósi nýrrar stöðu þar sem verkefnið hafði fengið fengið framlengingu

og langt liðið á árið ákvað verkefnisstjórnin að úthluta styrkfé tveggja ára í einu lagi. Því var auglýst eftir umsóknum í Frumkvæðissjóð Glæðum Grímsey síðla árs 2021 en styrkfé úthlutað í janúar 2022. Fjölbreytt verkefni voru styrkt sem efla munu byggðarlagið og mannlífið í eygni. Í september varð sá voveiflegi atburður að Miðgarðakirkja brann til grunna. Samfélagið tók höndum saman og heimamenn voru strax staðráðnir í að endurbyggja kirkjuna. Úr varð að verkefnisstjóri Glæðum Grímsey, Arna Björg, var ráðin til að halda utan um alla þræði í uppbyggingarferlinu í hálfu starfi á móti hálfu starfi sem verkefnisstjóri Glæðum Grímsey. Það ferli hefur verið farsælt og segja má að verkefnin hafi samlegðaráhrif og styðji hvert annað við alla uppbyggingu samfélagsins.

Áfram Árneshreppur

Á árinu 2021 gafst ráðrúm til að fylgja þeim verkefnum eftir sem sett voru í forgang á árinu 2020. Því var áhersla einkum og sér í lagi lögð á framgang og framvindu í samgöngumálum, orkumálum og í fjarskiptamálum. Tilraunaverkefni var sett af stað hjá Vegagerðinni síðla árs 2021 þar sem svokölluð G regla var afnumin og einangrun íbúa í Árneshreppi yfir vetrarmánuðina þar með rofin. Vetrarþjónustan var færð í svokallaða F-reglu sem þýðir að mokað er tvisvar í viku þegar aðstæður og veður leyfa. Fjarskiptasjóður úthlutaði einnig styrk til Árneshrepps til ljósleiðaravæðingar í hreppnum og veittur var styrkur til að leggja stofnstreng til Djúpvavíkur og til áframhaldandi ljósleiðaravæðingar þaðan og alla leið norður í Norðurfjörð. Ljósleiðaraverkefnið var unnið samhliða lagningu Orkubús Vestfjarða á þriggja fasa rafstreng í jörðu. Fjölbreytt frumkvæðisverkefni voru einnig styrkt sem stuðla öll að eflingu byggðarlagsins með einum eða öðrum hætti. Það má því segja að mikill og góður meðbyr hafi verið með framþróun í Árneshreppi á árinu 2021 og skref stigin í átt til þess að tryggja skilyrði fyrir heilsárs búsetu í byggðarlaginu. Þess ber að geta að stjórnvöld óskuðu eftir því við Bygðastofnun að framlengja verkefnið Áfram Árneshreppur um eitt ár, til loka árs 2022 og varð Bygðastofnun við því.

Öll vötn til Dýrafjarðar

Á árinu 2021 urðu tafir á framvindu verkefna þar sem í sumum tilfellum þurfti að fresta verkefnum vegna áhrifa tengdum COVID-19. Til stóð að halda íbúafund í upphafi árs en hann var ekki haldinn fyrr en í byrjun júní af þessum sökum. Um mitt ár 2021 sótti Ísafjarðarbær formlega um framlengingu á verkefninu til loka árs 2022. Stjórn Bygðastofnunar samþykkti í kjölfarið beiðnina. Af þessu tilefni ákvað stjórn ÖvD að fara í greiningarvinnu og gera nokkurs konar stöðumat á verkefninu meðal íbúa og draga fram hugmyndir þeirra um sóknarfæri á viðbótarári verkefnisins. Seint í nóvember og í byrjun desember voru því haldin samtals fimm rýnihópaviðtöl á Þingeyri við fulltrúa íbúa, samtals tóku um 40 íbúar þátt. Niðurstöður rýnihópaviðtalanna voru í heild einkar jákvæðar og segja má að þær hafi vakið bjartsýni um að samfélagið færist nær þeirri framtíðarsýn sem íbúar settu fram í upphafi verkefnisins.

Betri Borgarfjörður

Heimsfaraldur COVID-19 hefur áfram sett sitt mark á verkefnið eins og árið þar áður hjá Borgfirðingum. Tafir hafa orðið á verkefnum og fyrirtækjarekendur hafa þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Þó hefur gríðarmargt gengið vel að mati verkefnisstjóra. Sjávarútvegsráðherra hefur lokað fyrir togveiðar stærri skipa í „Skápnunum“ svokallaða út af Glettinganesi tiltekið tímabil ár hvert og er það mikilvægt hagsmunamál fyrir útgerð báta á Borgarfirði eystri. Ferðaþjónusta hefur blómstrað þrátt fyrir faraldurinn og margt verið í boði af hálfu ferðaþjónustufyrirtækja í byggðarlaginu. Listafólk hefur auðgað mannlíf fyrir heimamenn og aðra gesti og þá hafa framleiðendur matvæla í byggðarlaginu kynnt vörur sínar heima og á Matarmóti Austurlands. Húsbyggingar og fegrun umhverfis hafa verið áberandi á árinu. Erlendir íbúar á Borgarfirði hafa sótt íslenskunámskeið á vegum Austurbrúar af kappi og hafa nemendur verið um 20 alls. Nú sér fyrir endann á endurbótum á Borgarfjarðarvegi og í lok árs 2021 var einungis eftir um 15 km. óklæddur vegkafli á Héraði. Samstarf verkefnisstjóra við Borgfirðinga, styrkþega, verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar, sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og Múlapings og heimastjórn Borgarfjarðar hefur nú sem fyrr verið einstaklega góð. Flestir styrkþegar hafa gert sitt besta í skrýtnum aðstæðum til að láta verkefnin sín ganga upp og þrátt fyrir allt hafa flest markmið náð framgangi og blómstrað á árinu.

Betri Bakkafjörður

Verkefnið Betri Bakkafjörður hóf þátttöku sína í verkefninu Brothættar byggðir um mitt ár 2019. Á þeim tveimur og hálfu ári sem verkefnið Betri Bakkafjörður hefur staðið yfir hafa margir jákvæðir þættir sem styðja verkefnisáætlun Betri Bakkafjarðar orðið til þess að byggðin við Bakkaflóa hefur styrkst. Þar má nefna að fiskvinnsla er rekin af tveimur fyrirtækjum, smábátum hefur fjölgað, gisting og veitingaaðstaða er fyrir hendi á staðnum og rekin af auknum krafti. Þá hafa opinberir sjóðir komið að ýmsum málum s.s. átaki Orkusjóðs og Orkuseturs í orkusparandi aðgerðum í samstarfi við Brothættar byggðir. Uppbygging á Hafnartanganum upp af gömlu höfninni er eitt af þeim verkefnum sem farið var af stað með á árinu 2020 og hélt sú vinna áfram á árinu. En verkefnið sem ber heitið Hafnartangi á Bakkafirði-áningarstaður við ysta haf hlaut m.a. styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða að upphæð 30 milljónir króna og hefur einnig hlotið styrk frá Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar. Þá hafa íbúar og fyrirtæki gert átak í umhirðu húsa og umhverfis, auk þess að starfa að fleiri frumkvæðisverkefnum. Samgöngur hafa lagast verulega með bundnu slitlagi á Langanesströnd (við Bakkafjörð) og vantar nú aðeins uppbyggingu og slitlag á vegi yfir Brekknaheiði til að tengja byggðakjarnana í Langanesbyggð saman. Bættar vegasamgöngur hafa miklu máli skipt fyrir sveitarfélagið og svæðið í heild, auk þess að treysta byggð á Norðausturhorni landsins.

Sterkar Strandir

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í júní 2020. Árið 2020 var óvanalegt ár til að hefja verkefni af þessu tagi, en

jákvætt að meira fjármagn var til úthlutunar úr Frumkvæðissjóði, auk þess fór fram sérstök úthlutun úr Öndvegissjóði Brothættra byggða. Ástæða þessa var sérstakt fjárfestingaráttak stjórnvalda vegna COVID-19. Því hefur ekkert verkefni haft jafn mikla fjármuni og Sterkar Strandir til úthlutunar við upphaf verkefnisins, en á móti kemur að vegna þeirra flóknu aðstæðna sem upp hafa komið sökum heimsfaraldurs fékk verkefnið í upphafi ekki þann slagkraft og samhljóm innan samfélagsins og ætla hefði mátt að það hefði fengið í árferði án samkomutakmarkana. Segja má að verkefnið sé nú að komast af stað með nokkrum þunga. Íbúar eru stöðugt betur að átta sig á þeim tækifærum sem í verkefninu felast og aukinn kraftur er að færast í verkefnið að mati verkefnisstjóra. Fjölmargir hafa farið af stað með frumkvæðisverkefni og hlotið til þess stuðning úr Frumkvæðissjóði Sterkra stranda og gróska er mikil.



Unnið að endurbótum húsa á Bakkafirði með aðkomu Orkuseturs

2. MARKMIÐ OG TILGANGUR

Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Undirmerkið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsörðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Svo sem sjá má á undirmerkiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



Fulltrúar Byggðastofnunar í heimsókn á Borgarfirði eystri

3. VERKEFNISLÝSING

Verkefnið er framkvæmt í fjórum áföngum: undirbúningi, íbúðþingi og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmda-
áfanga og lokaáfanga verkefnis. Verkefnið byggir á samtali og samstarfi við íbúa í þátttökubýggðarlögunum. Einnig
á valdeflingu samfélagsins með því að ýta undir áhuga íbúa og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu.
Hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að
vinna að framfaramálum er varða hvert byggðarlag. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í
byggðarlögunum.

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og í flestum tilvikum hafa íbúarnir sjálfir valið heitin með
tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti
heilðarverkefnisins.

Byggðastofnun hefur um það ákveðnar væntingar að byggðarlög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu
njóti áframhaldandi athygli og stuðnings stjórnvalda næstu ár þar á eftir. Einnig að verklagið nýtist íbúum og
viðkomandi sveitarfélögum og landshlutasamtökum/atvinnuþróunarfélagi áframhaldandi vinnu að framfaramálum
byggðarlagsins.

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er sett á fót í hverju þátttökubýggðarlagi.

Í henni eiga sæti fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi
sveitarfélags, landshlutasamtaka og atvinnu-
þróunarfélags ásamt fulltrúum íbúa sem að jafnaði eru
tveir. Dæmi eru þó um fleiri fulltrúa íbúa. Verkefnisstjórn
fundar reglubundið ýmist með fjarfundasniði eða
í þátttökubýggðarlagi. Eitt mikilvægasta hlutverk
verkefnisstjórnar í hverju þátttökubýggðarlagi er að móta
verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess
að móta stefnu varðandi kynningu á verkefninu fyrir
viðkomandi byggðarlag.



Fundur í verkefnisstjórn Allra vatna til Dýrafjarðar



Verkefnisstjórar fundar í nýju húsnæði Byggðastofnunar



Íbúafundur á Bakkafirði



Íbúafundur í Árneshreppi

Verkefnisstjóri

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, eftir því sem aðstæður bjóða upp á og samkomulag er um. Það ræðst meðal annars af landfræðilegri stöðu og hvort hægt er að samnýta krafta verkefnisstjóra í fleiri en einu byggðarlagi. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar. Verkefnisstjóri skilar framvinduskýrslu um verkefnið árlega til Byggðastofnunar.

Íbúáping

Í upphafi nýs verkefnis er haldið tveggja daga íbúáping þar sem staða byggðarinnar er rædd og leitað leiða til umbóta. Á íbúápinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnunum eftir mikilvægi. Umsjón íbúápinga hefur verið í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis og verkefnisstjóra ásamt verkefnisstjórnnum í hverju þátttökubýggðarlagi. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir annars vegar á niðurstöðum íbúápingis og hins vegar á sérstakri stöðugreiningu sem unnin er fyrir byggðarlagið af verkefnisstjóra og verkefnisstjórn. Stefnumótunin/verkefnisáætlun er kynnt á íbúafundi og borin upp til samþykktar. Hvert markmið sem sameinast hefur verið um er brotið niður í fjölmörg starfsmarkmið sem unnið er að á verkefnistímabilinu.

Íbúafundir

Íbúafundir eru haldnir árlega þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og skapaður umræðuvettvangur um framvindu starfsmarkmiða og einstaka verkefna. Þess er gætt að íbúar séu upplýstir um hvernig skilaboð íbúápingisins í upphafi eru höfð til hliðsjónar og hvernig

málefnum er fylgt eftir. Verkefnisstjórn hefur m.a. því hlutverki að gegna að kynna áherslur íbúa í hverju þáttökubýggðarlagi fyrir ríkisvaldi og stofnunum.

Frumkvæðisstyrkir

Á hverju ári er frumkvæðisstyrkjum úthlutað til hvers þáttökubýggðarlags. Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna úthlutunar styrkja í viðauka við verkefnis lýsingu. Verkefnisstjórn ber ábyrgð á úthlutun styrkja til verkefna í hverju byggðarlagi. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri annast úthlutun styrkja.

Styrkir á árinu 2021 voru samkvæmt fjárhagsáætlun samtals sjö milljónir króna fyrir hvert þáttökubýggðarlag, samtals 42 milljónir króna. Dæmi eru um að verkefni hafi fallið niður og styrkjum skilað, sú upphæð bætist þá við styrkjaúthlutun næsta árs í því byggðarlagi sem við á.

Fullyrða má að styrkirnir hafi haft hvetjandi áhrif í samfélögunum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Yfirlit yfir styrkt verkefni má sjá í umfjöllun í köflum um einstök byggðarlög.



Hluti verkefnisstjórnar fær sér pylsu í Grimsey



Í síldarverksmiðjunni í Djúpavík, Héðinn Ásbjörnsson segir frá



Auður Vala Gunnarsdóttir með framleiðsluvörur á Borgarfirði eystri

4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG

Samtals tólf byggðarlög hafa tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir frá því að það hóf göngu sína árið 2012. Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þátttökubyggðarlögin, heiti verkefna og stöðu hvers verkefnis:

| Byggðarlag | Heiti verkefnis | Staða |
|-------------------------------------|--|----------------------|
| Raufarhöfn | <i>Raufarhöfn og framtíðin</i> | Hefur lokið þátttöku |
| Breiðdalur | <i>Breiðdælingar móta framtíðina</i> | Hefur lokið þátttöku |
| Skaftárhreppur | <i>Skaftárhreppur til framtíðar</i> | Hefur lokið þátttöku |
| Bíldudalur | <i>Bíldudalur – samtal um framtíðina</i> | Hefur lokið þátttöku |
| Hrísey | <i>Hrísey – perla Eyjafjarðar</i> | Hefur lokið þátttöku |
| Öxarfjarðarhérað | <i>Öxarfjörður í sókn</i> | Hefur lokið þátttöku |
| Grímsey ¹ | <i>Glæðum Grímsey</i> | Framkvæmdaáfangi |
| Árneshreppur ² | <i>Áfram Árneshreppur</i> | Framkvæmdaáfangi |
| Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð | <i>Öll vötn til Dýrafjarðar</i> | Framkvæmdaáfangi |
| Borgarfjörður eystri | <i>Betri Borgarfjörður</i> | Framkvæmdaáfangi |
| Bakkafjörður | <i>Betri Bakkafjörður</i> | Framkvæmdaáfangi |
| Strandabyggð | <i>Sterkar Strandir</i> | Framkvæmdaáfangi |

1 Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022.

2 Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022.

Á árinu 2021 voru samtals sex byggðarlög þátttakendur í verkefninu og verða hverju þeirra gerð skil hér á eftir.

GLÆÐUM GRÍMSEY

Verkefnið Glæðum Grímsey hóf göngu sína árið 2016 með íbúáþingi í byrjun maí eftir undirbúningsvinnu frá árinu 2015.

Á grundvelli samantektar frá íbúáþingi voru sett fram þrjú meginmarkmið og samtals 33 starfsmarkmið. Á íbúafundi í febrúar 2019 voru starfsmarkmiðin endurskoðuð og þeim fjölgað í 42. Verkefnið var í lokaáfangi á árinu 2020 eftir að hafa verið framlengt um eitt ár. Til stóð að verkefninu lyki formlega í árslok 2020 en stjórnvöld óskuðu eftir því við Byggðastofnun að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022 og var það gert.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í *Glæðum Grímsey* er Arna Björg Bjarnadóttir, en hún tók við verkefnisstjórn um mitt sumar 2021. Ekki var formlegur verkefnisstóri í starfi á fyrri hluta ársins en fráfarandi verkefnisstjóri, Karen Nótt Halldórsdóttir, var eyjarskeggjum og verkefnisstjórn innan handar með að leysa mál sem upp komu og við skipulagningu íbúafundar.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbæ

Gunnar Gíslason, SSNE/Akureyrarbæ

Anna Lind Björnsdóttir, SSNE

Karen Nótt Halldórsdóttir, fulltrúi íbúa

Jóhannes Henningsson, fulltrúi íbúa

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka I má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2021.

Styrkt verkefni

Verkefnisstjórn ákvað að auglýst yrði eftir styrkumsóknum í Frumkvæðissjóð Glæðum Grímseyjar fyrir árin 2021 og 2022 í einu lagi. Því var auglýst eftir styrkumsóknum í október og rann umsóknarfrestur út þann 24. nóvember 2021. Styrkfé var úthlutað til frumkvæðisverkefna í janúar 2022. Að óbreyttu er gert ráð fyrir að þetta sé síðasta úthlutun úr verkefninu Glæðum Grímsey. Samtals bárust tólf umsóknir í Frumkvæðissjóð að þessu sinni og hlutu allar styrk. Alls nam styrkfjárhæðin samtals 16.430.000. Heildarfjárhæð umsókna nam samtals kr. 23.300.000. Styrkt verkefni og styrkuppghæðir má sjá í eftirfarandi töflu:

| Nafn verkefnis | Styrkhafi | Lýsing á verkefni | Styrkuppghæð |
|---------------------------|------------------------|---|--------------|
| Photographing Grímsey | Einar Guðmann | Framleiðsla þriggja þátta á ensku sem vekja sérstaka athygli á Grímsey sem áfangastað fyrir landslags- og náttúruljósmyndara. | 800.000 |
| Vörulína fyrir Grímsey | Gyða Henningsdóttir | Þróun vörulínu minjagripa og ljósmynda sem draga fram einkenni og sérstöðu Grímseyjar. | 700.000 |
| Gólfefnaskipti Básavík | Básavík ehf. | Endurnýjun gólfefnis á gistiheimilinu Bása. | 300.000 |

| | | | |
|--|---|---|---------------------------|
| Menntabúðir við heimskautsbaug | Hallgerður Gunnarsdóttir | Fjölgun gesta í eygni með fjölbreyttum námskeiðum á sviði menntunar og lista í fallegri náttúru eyjarinnar. | 1.000.000 |
| Bætt þjónusta við ferðamenn í Grímsey | Muninn ehf. | Aukið og bætt framboð á afþreyingu fyrir ferðamenn og íbúa í Grímsey. | 2.800.000 |
| Orkuskipti í Grímsey, uppl. og fræðsla | Vistorka ehf. | Miðlun upplýsinga um árangur orkusparnaðar- og orkuskiptaaðgerða sem eru yfirstandandi. | 800.000 |
| Ábyrg eyjaferðaþjónusta | Háskólinn á Hólum, Laufey Haraldsdóttir | Stöðumat og rannsókn á hvernig ábyrg eyjaferðaþjónusta geti þjónað hagsmunum og framtíðarsýn íbúa. | 1.800.000 |
| Sumarsólstöður í Grímsey | Kvenfélagið Baugur | Framkvæmd árlegrar bæjarhátíðar í tilefni af sumarstólstöðum. | 600.000 |
| Grímsey design | Mayflor Perez Cajés | Þróun og markaðssetning vörulínu Grímsey Design. M.a. nýting á svartfuglseggjum til listsköpunar. | 800.000 |
| Starfs- og vinnuaðstaða Kvenfél. Baugur | Kvenfélagið Baugur | Húsnæði í leikskólanum í Múla umbreytt í skrifstofuaðstöðu með aðstöðu til að sinna m.a. störfum óháð staðsetningu. | 1.600.000 |
| Menningar- miðstöð, hönnun og uppbygging | Hellugjögur | Umbreyting á gömlum stríðsbragga og húsum honum sambyggðum í fjölnota menningarhús. | 4.630.000 |
| Hreinsunarátak | Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar | Flokkun og flutningur á brotajárni, rusli og spilliefnum úr eyju upp á fastalandið. | 600.000 |
| | | | Samtals kr. 16.430.000 |

Fundir

Verkefnisstjórn fundaði nokkrum sinnum í fjarfundi. Verkefnisstjórn hélt íbúafund í maí. Verkefnisstjóri hélt íbúafund 21. október.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Verkefnisstjóri aðstoðaði frumkvöðla við umsóknir í ýmsa sjóði og náðist þar umtalsverður árangur þó ekki hlytu allar umsóknir brautargengi. Þess ber að geta að annar af tveimur styrkjum sem hlutu brautargengi í Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða á Norðurlandi eystra var veittur til Grímseyjar, en aðeins fór 3% af styrkveitingum til styrkhafa á Norðurlandi eystra.

Starf verkefnisstjóra og fundahöld á haustmánuðum lituðust mjög af því að Miðgarðakirkja brann 21. september en íbúar ákváðu strax að ný kirkja skyldi rísa. Verkefnisstjóri tók að sér að halda utan um þau mál í hlutastarfi á mótí verkefnisstjórarstarfi fyrir Glæðum Grímsey.

Verkefnisstjóri lagði áherslu á að koma á persónulegu samtali við íbúa. Hann fór ófáar ferðir til Grímseyjar, sem hann telur hafa skipt miklu máli í upphafi verkefnisins. Frumkvæði og kraftur er svo sannarlega til staðar hjá íbúum og þeir sækjast eftir atvinnuráðgjöf og handleiðslu. Samtakamáttur Grímseyinga kom í ljós við bruna Miðgarðakirkju. Grímseyingar komu saman í félagsheimilinu Múla kvöldið eftir að kirkjan brann og ákváðu þá strax að reisa nýja kirkju. Sú ákvörðun staðfestir að Grímseyingar hafa trú á framtíð eyjarinnar og vilja byggja hana upp. Það sama kom út úr viðtölum, sem fulltrúar sveitarfélagsins tóku við alla lögráða íbúa eyjarinnar 2018.

Sjávarútvegur er nauðsynleg forsenda byggðar í eyjunni, og í því samhengi þarf hið opinbera að finna leiðir til að auðvelda nýliðun. Til staðar eru tækifæri til að skapa meiri verðmæti úr sjávarfangi og fjölga þannig störfum, en nú fer fiskurinn beint á markað. Einnig hefur verið rætt um mögulega framleiðslu á öðrum afurðum úr matarkistu Grímseyjar. Ferðaþjónusta er önnur mikilvægasta atvinnugreinin í eyjunni og tækifæri til vaxtar eru mikil. Nauðsynlegt er þó að byggja upp innviði hennar s.s. með því að bæta samgöngur, þ.e. að fá nýja ferju og fjölga flugferðum yfir sumartímann (yfirvetrartímann erflogið 3x í viku en yfir sumartímann 2x í viku). Þá eru forsendur fyrir fjölgun gistirýma fyrir ferðamenn og uppbyggingu á aukinni afþreyingu. Þá vantar sárlega gístaðstöðu fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Verkefnisstjóri telur afar mikilvægt að Grímsey njóti handleiðslu næstu árin við uppbyggingu atvinnulífs og samfélags, sem og að koma hagsmunamálum á framfæri til viðeigandi aðila.



Úr Grímseyjarhöfn - farþegaskip lónar utan hafnarinnar

ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Verkefnið Áfram Árneshreppur hóf göngu sína árið 2017 og er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Íbúaping var haldið í júní 2017, þar settu íbúar fram markmið og áætlun var gerð um fyrstu skref í verkefninu. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri verkefnisáætlun í höfuðdráttum en jafnframt brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum. Undanfarna áratugi hefur íbúum fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúafjöldinn varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundruð í hreppnum, en nú eru þar aðeins 42 einstaklingar með lögheimili m.v. 1. desember 2021. Á verkefnistíma Áfram Árneshreppur hefur íbúafjöldinn nokkuð staðið í stað. Nánari umfjöllun um breytingar á íbúafjölda má sjá í kafla 5. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Áfram Árneshreppur er Skúli Gautason.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa, formaður stjórnar

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Lína Björg Tryggvadóttir (jan. – nóv.), Agnes Arnardóttir (des.),

fulltrúar Vestfjarðastofu

Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa

Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Gistiaðstaða Urðartinds í Norðurfirði

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka II má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2021.

Styrkt verkefni

Veittir voru styrkir til 16 fjölbreyttra verkefna úr Frumkvæðissjóði Áfram Árneshreppur og nam styrkfjárhæð til úthlutunar alls kr. 8.000.000. Hluti af upphæðinni er tilkominn vegna endurúthlutunar fjármuna sem ekki nýttust í úthlutun fyrra árs. Heildarfjárhæð umsókna nam kr. 37.212.747. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

| Nafn verkefnis | Styrkhafi | Lýsing á verkefni | Styrkupp hæð |
|---|---|---|--------------|
| Klettaklifur | Íslenski Alpaklúbburinn | Bæta við fleiri klifurleiðum á klettaklifursvæði í Norðurfirði. | 400.000 |
| Hreinlætis- aðstaða í Ófeigsfirði | Margrét Ólöf Eggertsdóttir | Endurnýjuð og bætt hreinlætisaðstaða fyrir ferðamenn. | 330.000 |
| Tækjakaup og kaffiaðstaða | Verzlunarfjelaug Árneshrepps | Endurnýjun á frysti og húsgögnum í kaffiaðstöðu. | 300.000 |
| Smávirðingun | Háireki | Undirbúningur smávirðingunar í Ófeigsfirði. | 800.000 |
| Rafmagn á tjaldsvæði | Urðartindur | Uppsetning á rafmagnstenglum á tjaldsvæði fyrir ferðamenn. | 400.000 |
| Baskasetur | Hótel Djúpavík | Undirbúningsvinna vegna styrkumsóknar í Evrópusjóð fyrir menningar- og sögutengda sýningu. | 800.000 |
| Gamla sláturhúsið | Jón Gunnar Gunnsteinsson | Viðhald á þaki á Gamla sláturhúsinu í Norðurfirði sem nú hýsir gistiheimili. | 750.000 |
| The Factory | Hótel Djúpavík | Styrkur til uppsetningar á myndlistarsýningu. | 250.000 |
| Kayakleiga | Hótel Djúpavík | Hönnun og undirbúningur afþreyingarmöguleika fyrir ferðamenn, kayakleiga. | 470.000 |
| Jógasetur á Renniverk- stæðinu | Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir | Framhald undirbúnings fyrir opnun jógaseturs m.t.t. standsetningar á húsnæði. | 400.000 |
| Fræðasetur í Finnbogastaða- skóla | Ómar Bjarki Smárason | Þróun hugmynda um nýtingu Finnbogastaðaskóla sem fræðaseturs. | 500.000 |
| Krossneslaug | UMF. Leifur heppni | Viðgerðir á aðstöðu við Krossneslaug. Frágangur sturtuklefa. | 300.000 |
| Tækjakaup | Egill Steinar Kristjánsson | Tækjakaup til búskapar og múrverks. Með verkefninu er stutt við nýliðun bænda og blandaðan búskap. | 1.000.000 |
| Söguskilti við Krossneslaug | UMF. Leifur heppni | Hönnun og uppsetning skiltis sem rekur sögu sund- og baðstaðarins. | 300.000 |

| | | | |
|-----------------|---|---|--------------------------|
| Víkursveit | Hilmar Vilberg Gylfason og Linda Guðmunds- dóttir | Upptökur á lagi um Árneshrepp. | 250.000 |
| Virtual Reality | Thomas Elguezabal | Myndefni úr Árneshreppi sett upp í sýndarveruleika. | 750.000 |
| | | | Samtals kr. 8.000.000 |

Fundir

Verkefnisstjórn hélt sjö fundi á árinu, 7. janúar, 8. mars, 7. apríl, 15. apríl, 6. ágúst, 10. ágúst og 19. nóvember, auk samráðsfundar 29. janúar og fundar með ungu fólki úr Árneshreppi 19. janúar og fundar með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 10. maí. Verkefnisstjóri átti fund með forsætisráðherra 17. ágúst og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 4. október. Auk þess fundaði undirbúningshópur vegna styrkveitinga Áfram Árneshrepps tvisvar, 9. og 10. júní, en formleg úthlutun fór fram í Árneshreppi 1. júlí. Íbúafundur var haldinn í félagsheimilinu í Trékyllisvík 11. ágúst. Nokkuð góð þátttaka var á honum og í lok fundar sköpuðust áhugaverðar og einlægar umræður um eftirköst deilna um Hvalárvirkjun. Auk þessara funda hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða um land allt. Staðfundur verkefnisstjóra í Brothættum byggðum og sambærilegum byggðapróunarverkefnum var haldinn á Sauðárkróki 12. og 13. október.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Fjöldi þeirra sem eiga lögheimili í hreppnum hefur nokkurn veginn staðið í stað en þeim sem eiga þar búsetu allt árið fækkar smám saman. Þó eru nokkrir nýbúar sem kjósa að dvelja allt árið í Árneshreppi. Helst eru það fólk sem stundar fjarvinnu, og stundar jafnvel vinnu í öðrum löndum frá Árneshreppi. Sauðfjár búskapur er kjölfestan í heilsársbúsetu í Árneshreppi. Það þarf að auðvelda nýliðun í sauðfjárrækt. Um þessar mundir er fólk að reyna að hefja sauðfjár búskap í hreppnum og það er augljóst að það þarf að einfalda regluverk og auka stuðning við þá sem vilja hefja búskap. Einnig mætti gera búskap fýsilegri með veiðiheimildum fyrir þá sem vilja stunda útgerð með búskapnum eins og gert hefur verið frá landnámi. Komið hafa fram ágætari hugmyndir um að gera átak í að kynna Árneshrepp betur sem hreint og sjúkdómalaust sauðfjárhérað, jafnvel gera samninga við eitt eða tvö hágæða veitingahús í Reykjavík eða erlendis um að nýta kjöt úr hreppnum með þessum formerkjum.

Ferðapjónusta í Árneshreppi hefur verið að aukast og getur aukist enn með fjölgun gistirýma og afþreyingarmöguleika. Afþreyingarmöguleikum fer fjölgandi og þjónustustig hækkar. Möguleikar eru á því að nýta húsnæði sem stendur autt fyrir stafræna flakkara og aðra sem geta unnið störf án staðsetningar. Í þessu er fólgin fljótlegasta leiðin til að snúa fólksfækkun við. Til að þetta geti blómstrað þarf að tryggja hnökralaus netsamskipti með ljósleiðara. Fólk sem hefur valið slík störf hefur verið boðið velkomið og því standa til boða ýmis störf, t.d. aðstoð við búskap og umönnunarstörf. Það er áriðandi að fjármagn til styrkveitinga í Brothættum byggðum sé ekki skert. Þó tel ég eðlilegt að nokkuð mið sé tekið af fjölda íbúa í viðkomandi byggðarlagi við skiptingu pottsins. Til að verkefnið fái aukið vægi þarf það að byggðarlag sé tekið inn í Brothættar byggðir að fá einhverskonar stjórnsýslulega stöðu þvert á ráðuneyti. Þannig mætti hugsa sér að ef tvö verkefni væru lögð að jöfnu hefði það verkefni forgang sem væri í Brothættum byggðum.

ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

Undirbúningur að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar hófst árið 2017. Íbúaping var haldið í mars 2018 þar sem lagðar voru línur um markmið og framkvæmd verkefnisins. Verkefnið er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Á síðari hluta árs 2021 óskaði Ísafjarðarbær eftir því að verkefnið yrði framlengt um eitt ár og varð Byggðastofnun við þeirri beiðni. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í árslok 2022. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri *Allra vatna til Dýrafjarðar* er Agnes Arnardóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Arna Lára Jónsdóttir, fulltrúi Ísafjarðarbæjar

Lína Björg Tryggvadóttir, (jan. – nóv.), Sigurður Líndal Þórisson (des.), fulltrúar Vestfjarðastofu

Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa

Guðmundur Ólafsson, fulltrúi íbúa

Guðrún Dögg Gunnarsdóttir, fulltrúi íbúa

Sigmundur F. Þórðarson, fram til apríl 2021, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka III má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2021

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir umsóknum til frumkvæðisverkefna í apríl. Til úthlutunar voru 7.770.000. Alls bárust nítján umsóknir og heildarupphæð umsókna um styrki nam rúmlega 24 milljónum króna. Heildarumfang verkefna var um 44,7 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem vísuðu til markmiða í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar. Stjórn ÖvD samþykkti að veita að þessu sinni styrk til samtals þrettán fjölbreyttra verkefna. Sjá má upplýsingar um styrkt verkefni úr Frumkvæðissjóði Allra vatna til Dýrafjarðar í eftirfarandi töflu:

| Nafn verkefnis | Styrkhafi | Lýsing á verkefni | Styrkupphæð |
|---|------------------------------|---|-------------|
| Startup Westfjords | Blábankinn | Nýsköpunarhraðall fyrir hópa í streitulausu umhverfi til að einbeita sér að nýsköpunarverkefnum með aðstoð fagfólks. | 820.000 |
| Viðskiptaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Brekkudal | Guðrún Steinþórsdóttir | Viðskiptaáætlun vegna Urban gistingar í smáhýsum sem falla inn í umhverfið í Brekkudal. | 400.000 |
| Viðskiptaáætlun bakarí | Iwona Motycka | Viðskiptaáætlun vegna stofnunar bakarís á Þingeyri. | 400.000 |
| Danish Weekend in Þingeyri | Janne Kristensen | Dönsk hátíð þar sem ýmis afþreying verður í boði fyrir unga sem aldna. | 300.000 |
| Upptökuver Kómedíu-leikhússins | Kómedíu-leikhúsið | Kaup á búnaði og uppsetning á upptökuveri fyrir hljóðbækur og hlaðvarpsþætti á Þingeyri. | 800.000 |
| Í garðinum hjá Láru | Lára Dagbjört Halldórsdóttir | Árleg tónlistarhátíð, röð tónleika með landsþekktu tónlistarfólki. Einnig tækifæri fyrir upprennandi tónlistarfólk í byggðarlaginu. | 900.000 |
| List í Alviðru | Listakisi | Þema: Milli fjalls og fjöru. Samvinna listamanna, stuðlað að umhverfislist og unnið að listsköpun á svæði þar sem áður var búfjárræktun og ferðaþjónusta. | 800.000 |
| Útilistaverk á gömlu smiðjuna á Þingeyri | Marsibil G. Kristjánsdóttir | Myndskreyting á gaflí gömlu smiðjunnar á Þingeyri. | 350.000 |

| | | | |
|-------------------------------------|-----------------------------------|---|--------------------------|
| Finndu mig í fjöru - Náttúrustígur | Óttar Freyr Gíslason | Hugmyndavinna um skilgreindan náttúrustíg, uppsetning upplýsingaskiltis við upphaf stígsins. | 500.000 |
| Trúnó -Tónlistarsmiðja fyrir börn | Pétur Albert Sigurðsson | Tónlistarsmiðja fyrir börn þar sem þeim gefst kostur á að kynna ólíkum hljóðfærum og tónlistarsköpun. | 400.000 |
| Ný vefsíða fyrir Þingeyri | Sigmundur F. Þórðarson | Endurhönnun á Þingeyrarvefnum til að kynna Þingeyri og Dýrafjörð betur og þá afþreyingarmöguleika sem í boði eru. | 400.000 |
| Tilraunaveiðar á krabba í Dýrafirði | Sæverk ehf. | Tilraunaveiðar á grjótkrabba og öðrum krabbategundum í Dýrafirði. | 1.000.000 |
| Frumkvöðla- svæði for kids | Westfjords Residency/ Simbahöllin | Uppsetning og hönnun svæðis í kringum Tankinn þar sem börn geta fundið sköpunarþörf sinni farveg á fjölbreyttan hátt. | 700.000 |
| | | | Samtals kr. 7.770.000 |

Fundir

Fundir verkefnisstjórnar voru samtals átta á árinu 2021, bæði með allri verkefnisstjórninni svo og með undirbúningsnefnd stjórnar vegna styrkúthlutunar. Stjórnin átti góðan staðfund í desember þar sem farið var vel yfir stöðu verkefna, bæði þau sem tengjast markmiðum í verkefnisáætlun sem og styrktra verkefna. Þar var m.a. rætt um stöðu verkefnisins ásamt því hvernig nýta mætti sem best tímann í verkefninu þar sem verkefnið hefur fengið framlengingu út árið 2022.

Íbúafundur var haldinn 7. júní eftir fjórar frestanir vegna samkomutakmarkana. Beðið var færís þegar afléttingar samkomutakmarkana voru tilkynntar og íbúafundur boðaður sem þurfti síðan að afboða nokkrum dögum síðar vegna breyttrar stöðu vegna faraldursins. Verkefnisstjóri hefur setið fjöldann allan af fundum utan við stjórnarfundi, sem tengjast styrkumsóknum, ýmsa aðstoð við fyrirtæki og íbúa. Mánaðarlegir fundir með bæjarstjóra, bæjarritara Ísafjarðarbæjar og formanni íbúasamtakanna ásamt mánaðarlegum fundum með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða. Einnig var haldinn staðfundur verkefnisstjóra í Brothættum byggðum og skyldum byggðaþróunarverkefnum á Sauðárkróki í október.



Dýrafjörður í desember



Rýnihópsviðtal á Þingeyri - fulltrúar styrktra verkefna

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Árið 2021 hefur að mörgu leyti verið óvenjulegt ár og þá sérstaklega vegna áhrifa af COVID-19. Hefur faraldurinn sett mark sitt á verkefnið að einhverju leyti og erfiðlega gekk að halda íbúafund vegna samkomutakmarkana. Mikil óvissa ríkti í samfélaginu og voru endalausar fregnir af stöðu faraldursins og samkomutakmarkanir voru reglulega færðar upp eða niður eftir því hvernig staðan var hverju sinni. Samt sem áður telur verkefnisstjóri að hugur sé í fólki og áhugi fyrir því að halda áfram og klára þau verkefni sem liggja fyrir og hefur verið frestað.

Verkefnisstjóri var mjög sáttur við að hafa náð að halda íbúafund, sérstaklega þar sem enginn slíkur var haldinn árið 2020. Mæting var alveg þokkaleg og skiluðu fundarmenn góðri vinnu. Hugur er í fólki og mikill vilji fyrir því að efla samfélagið og vinna að fjölbreyttu atvinnulífi. Stóru málin eru húsnæðis- og skipulagsmál, mjög mikilvægt er að flýta aðalskipulagsvinnu og deiliskipuleggja lóðir fyrir nýbyggingar. Verkefnisstjóri hefur unnið í þessum málum frá byrjun með dyggri aðstoð íbúasamtakanna. Nú liggur fyrir deiliskipulagsvinna sem kynnt verður íbúunum eftir áramót, þar sem nokkrar lóðir verða tilbúnar til umsóknar. Vonandi verður þetta komið til framkvæmda áður en verkefninu lýkur í ljósi þess að skortur er á húsnæði og það getur staðið atvinnulífi fyrir þrifum.

Verkefnisstjóri hefur átt í miklu og góðu sambandi við íbúana, einnig má segja að áhugi íbúanna sé þó nokkur gagnvart verkefninu að mati hans. Kom það rækilega fram í rýnihópaviðtölunum sem haldin voru í lok ársins. Misjafnt er þó hversu mikið frumkvæði íbúarnir sýna verkefnum sem tengjast markmiðunum, sem þeir settu sér í upphafi. Verkefnisstjóri telur að eitt af hans stærstu verkefnum sé að styðja við íbúana, frumkvöðla og staðbundin fyrirtæki á sem bestan og markvissastan hátt. Miðað við hvað kom út úr rýnihópaviðtölunum hefur honum tekist það verkefni vel og er mjög ánægður með það.

Íbúasamtökin hafa eflst og hefur verkefnisstjóri komið að því verkefni, með því að sitja allastjórnarfundir íbúasamtakanna sem áheyrnarfulltrúi. Aðstoðað við að miðla síðan áfram til sveitarfélagsins þeim málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.

Stemningin í byggðarlaginu er góð, bjartsýni ríkir í atvinnumálum, sem má kannski að einhverju leyti rekja til uppgangs í fiskeldi á svæðinu. Samt sem áður eru íbúarnir meðvitaðir um það að fjölbreytt atvinnulíf er eitt af forsendum búsetu og fjölbreytni samfélagsins. Að lokum telur verkefnisstjóri mikilvægt að vanda vel til verka og nýta síðasta árið sem allra best, efla samtakamátt íbúanna og vinna saman að áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins og atvinnulífsins. Verkefnisstjóri er þokkalega sáttur með framgang verkefnisins en hefði kannski viljað sjá hlutina gerast hraðar. Þegar á heildina er litið hefur verkefnið stuðlað að því að aukið fjármagn hefur komið inn í samfélagið og fjölbreytt aðstoð við íbúana átt sér stað, sem nýst hefur til samfélags- og atvinnuuppbyggingar. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hversu mikið kemur út úr verkefni sem þessu.

BETRI BORGARFJÖRÐUR

Verkefnið Betri Borgarfjörður hóf göngu sína síðla árs 2017 og vel sótt íbúaping var haldið í febrúar árið 2018. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og stefna verkefnisins grófllega mótuð. Þá voru einnig fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn kosnir. Verkefnið var í lokaáfangi Brothættra byggða á árinu. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).



Gamla Kaupfélagið á Borgarfirði eystri tekur stakkaskiptum hjá Blábjörgum ehf

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu *Betri Borgarfjörður* er Alda Marín Kristinsdóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jón Þórðarson, fulltrúi sveitarstjóra Múlapings á Borgarfirði

Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA

Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka IV má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Á árinu 2021 voru sjö milljónir til úthlutunar. Alls bárust 22 umsóknir og var heildarfjárhæð sem sótt var um kr. 19.082.249. Heildarkostnaður verkefnanna var áætlaður kr. 33.773.249. Verkefnisstjórn ákvað að styrkja 16 verkefni að þessu sinni. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins svo sem m.a. umhverfismál, atvinnulíf og mannlíf. Verkefnin og styrkuppghæð má sjá í eftirfarandi töflu:

| Nafn verkefnis | Styrkhafi | Lýsing á verkefni | Styrkuppghæð |
|--|-------------------------------|---|--------------|
| Dósavél | Blábjörg og KHB Brugghús | Skapa breiðari grundvöll fyrir sölu á framleiðslu KHB Brugghúss. Með dósavél opnast fleiri möguleikar á sölu á framleiðsluvörum. Þessi lausn er umhverfisvænni en flöskurnar. | 1.000.000 |
| Afkomendur Borgarfjarðar | Elsa Katrín Ólafsdóttir | Gerð ljósmyndasería af fólki fæddu og uppöldu á Borgarfirði og/eða því sem hefur sterkar rætur þar. Rétt tæplega 100 ár eru frá því Kjarval teiknaði myndir sem nú eru þekktar sem „Hausarnir hans Kjarvals“ og er ljósmyndaserían innblásin af þeim. | 700.000 |
| Hönnun umbúða v. bjórframleiðslu | Blábjörg og KHB Brugghús | Hönnun útlits umbúða fyrir bjórframleiðslu KHB Brugghúss þar sem tengingin við Borgarfjörð er í forgrunni. | 600.000 |
| Hótel Nýlundabúðin | Elín Elísabet Einarsdóttir | Verkefnið var framhald frá sumrinu áður þegar sett var á fót Nýlundabúð í Hafnarhólma. Markmiðið var að vekja athygli á lundanum á annan hátt en í fjöldaframleiddum massavís í túristabúðum. | 600.000 |

| | | | |
|--|-------------------------------------|---|---------|
| Sýndarferðalag um gamla Borgarfjarðarhrepp | Hafþór Snjólfur Helgason | Gagnvirkt sýndarferðalag um Borgarfjörð, Víkur og Loðmundarfjörð útbúið. Gagnvirkur grunnur samansettur úr a.m.k. 60 360° loftmyndum sem eru tengdar saman og gerðar aðgengilegar á vef Borgarfjarðar gjaldfrjálst. | 500.000 |
| Sýningarröð í Glettu | Guðrún Benónýsdóttir | Þrjár myndlistarsýningar í sýningarrými Glettu í Hafnarhúsinu á Borgarfirði eystri á tímabilinu 17. apríl til loka ágúst 2021. Sýningarröðin hlaut heitið Superstructure. | 500.000 |
| Minnkuð matarsóun | Gusa ehf. | Verkefnið fólst í að minnka matarsóun í Búðinni á Borgarfirði. Álagið á Búðinni er breytilegt yfir árið og sveiflur í sölu, sem endar gjarnan með að vörur renna út eða spillast. | 500.000 |
| Lagasmíðar á Borgarfirði eystri | Aldís Fjöla Borgfjörð Ásgeirsdóttir | Lagasmíðanámskeið fyrir tónlistarfólk hvaðanæva að. Verkefnið styður við ferðapjónustu á staðnum á jaðartímabilum og vekur athygli á Borgarfirði sem ákjósanlegum stað til lagasmíða og annarrar listsköpunar. | 400.000 |
| Kjólsvík | Helgi Hlynur Ásgrímsson | Gerð markaðs- og viðskiptaáætlunar vegna reksturs og uppbyggingar Kjólsvíkurbæjarins sem stendur í eyðivíkinni Kjólsvík. | 400.000 |
| Lindarbakki | Já sæll ehf. | Viðburðahald yfir sumarið í Lindarbakka; lifandi tónlist, sögustundir, barnaskemmtun, leiðsögn í samræmi við ósk Elísabetar Sveinsdóttur fyrrum eiganda hússins. | 350.000 |
| Skráning muna á Lindarbakka II | Minjasafn Austurlands | Sótt var um áframhaldandi styrk (frá 2020) til að skrá alla muni skemmunnar sem tilheyrir torfbænum Lindarbakka. Þetta er einnig liður í að viðhalda og efla Lindarbakka sem áningarstað ferðamanna. | 350.000 |
| Nuddstofa | Elísabet Sveinsdóttir | Kaup á tveimur nuddbekkjum og opnun nuddstofu á Borgarfirði en slík þjónusta var ekki í boði. | 320.000 |
| Slóðavél fyrir gönguskíði | UMFB | Kaup á „slóðavél“ til lagningar gönguskíðaspors. Nýttist m.a. ferðapjónustuaðilum sem vinna að uppbyggingu vetrarferðapjónustu í firðinum. | 250.000 |

| | | | |
|----------------|--------------------|---|--------------------------|
| Waves Project | Kata Sumegi | Hönnun og prentun kynningarefnis fyrir skartgripalínu sem postulínslistakonan Kata Sumegi hannaði. Prentun m.a. Waves-bókarinnar sem sýnir hönnunarferlið og sögu verkefnisins. | 250.000 |
| Púttvöllur | Christer Magnusson | Verkefnið er framhald frá 2020. Fjölgun afþreyingarmöguleika á Borgarfirði með lagningu 9 holu púttvallar á lóð við Búðina. | 160.000 |
| Innileikvöllur | Lindsey Lee | Bæta leikaðstöðu ungra barna á Borgarfirði með því að útbúa innileiksvæði/barnahorn þar sem hægt er að leika óháð veðráttu og árstíma. | 120.000 |
| | | | Samtals kr. 7.000.000 |

Að auki er unnið áfram að verkefninu Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg sem hlaut 10.000.000 króna styrk úr Öndvegissjóði Brothættra byggða 2020.



Íbúafundur í Fjarðarborg

Fundir

Verkefnisstjórn fundaði alls fjórum sinnum árið 2021 á eftirtöldum dagsetningum:

Fjarfundur 9. mars. Staðfundur verkefnisstjórnar og íbúafundur 23. mars. Verkefnisstjórn fundaði þá einnig með heimastjórn Borgarfjarðar. Fjarfundur vegna úthlutunar 11. maí. Fjarfundur 29. október. Að auki var fjarfundur í undirbúningshópi vegna úthlutunar 6. maí.

Íbúafundur var sem fyrr segir haldinn 23. mars en taka þurfti tillit til 50 manna samkomutakmarkana sem voru í gildi á

þeim tíma. Mæting á fundinn reyndist 49 gestir og gekk fundurinn afar vel. Þar kynnti verkefnisstjóri stöðu verkefnisins og Tinna Halldórsdóttir hjá greiningarsviði Austurbrúar kynnti niðurstöður íbúakönnunar sem lögð var fyrir í lok febrúar. Listakonurnar Elín Elísabet Einarsdóttir og Rán Flygenring sendu fundargestum rafræna kveðju og frumsýndu stuttmynd sem þær gerðu um verkefni sem þær hlutu styrk fyrir úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar árið 2020, Nýlundabúðina. Fulltrúar fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar kynntu sína þjónustu og síðan gafst íbúum tækifæri á að endurmeta verkefnismarkmiðin. Íbúar voru vel með á nótunum og komu fram nýjar og gagnlegar ábendingar og vísar að verkefnum á þessum fundi.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Heimsvafaldur COVID-19 hefur áfram sett sitt mark á verkefnið eins og árið þar áður hjá Borgfirðingum. Tafir hafa orðið á verkefnum og fyrirtækjarekendur hafa þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Þó hefur gríðarmargt gengið vel og hér er tæpt á því helsta.

Íbúar sendu frá sér ályktun í kjölfar íbúafundar árið 2020 um stöðu sjávarútvegsmála í plássinu. Í henni var óskað úrbóta á þremur atriðum; að Borgarfjörður fengi úthlutað úr sértækum aflaheimildum Byggðastofnunar, að strandveiðikerfinu yrði breytt þannig að heimildir á austanverðu landinu nýttust á besta krókaveiðitíma í landshlutanum og að lokað yrði á togveiðar stærri skipa í „skápnnum“ svokallaða út af Glettinganesi, þ.e. á heimamiðum borgfirska smábáta.

Fulltrúar Betri Borgarfjarðar og fulltrúar heimastjórnar Borgarfjarðar áttu fundi með fulltrúum sjávarútvegsráðuneytisins og atvinnuveganefnd Alþingis á árinu sem síðan leiddi til þess að Kristján Þór Júlíusson, þáverandi sjávarútvegsráðherra skrifaði undir reglugerð um tímabundna lokun skápsins fyrir togveiðum fyrir árið 2021. Öruggt má telja að þessi aðgerð skipti sköpum fyrir borgfirska smábátasjómenn á árinu og var því afar ánægjulegt þegar fréttir bárust af því að núverandi sjávarútvegsráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefði í byrjun mars 2022 undirritað reglugerð um árlegt bann við veiðum með fiskibotnvörpu á svæði innan 12 sjómílna í skápnnum út af Glettinganesi. Gildir þessi lokun frá júlí og fram í desember ár hvert.

Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein á Borgarfirði eins og víðar á landinu undanfarin ár. COVID-19 hefur reynst greininni erfitt en segja má að með samstilltu átaki ferðaþjónustuaðila á Borgarfirði og veðurguða hafi hún þrátt fyrir allt dafnað á árinu. Eftir erfiðan vetur sem einkenndist af þröngum samkomutakmörkunum lét sumarið sjá sig og íslenskir ferðamenn kepptust um að heimsækja fjörðinn fagra, líkt og árið 2019. Mikið var að gera á hótelum og veitingastöðum á Borgarfirði, ferðaþjónustan Álfheimar hélt áfram að laða til sín gönguþyrsta Íslendinga sem nutu einstakrar náttúru á Víknaslóðum og Blábjörg gerðu vel við sína gesti með mat og drykk úr hráefnum úr landshlutanum. KHB brugghús tók flugið og ætti nú hver Íslendingur að hafa séð umfjallanir um borgfirskan landa, gin og bjór – og

jafnvel líka smakkað. Já sæll í Fjarðarborg stóð tónleikavaktina og Bræðslan, sem því miður þurfti að aflýsa árið 2020, var aftur haldin í lokjúlí en daginn eftir hátíðina voru sóttvarnaraðgerðir og samkomutakmarkanir hertar á ný. Álfacafé hélt áfram að vera skyldustopp fyrir svanga ferðamenn og Hafnarhúsið er að hasla sér völl sem viðkomustaður þegar lundinn er heimsóttur í Hafnarhólma. Ferðamálahópur í samstarfi við Skúla Andrésón Framnesing vann að gerð kynningarmyndbands um Borgarfjörð og Víknaslóðir sem frumsýnt verður 2022. Verkefnið hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði 2020 en hefur dregist að ljúka vegna COVID-19.

Það er ekki bara tónlistin sem er í hávegum höfð á Borgarfirði því í sumar stóð Guðrún Benónýsdóttir listakona fyrir sýningaröð á efstu hæð Hafnarhússins, annað árið í röð. Þá stóðu þær Elín Elísabet Einarsdóttir og Rán Flygenring fyrir opnun Hótel Nýlundabúðarinnar við höfnina í sumar. Verkefnið er sjálfstætt framhald af Nýlundabúðinni sem þær settu upp í fuglaskoðunarhúsinu í Hafnarhólma sumarið 2020. Þessir lunda-listgjörningar hafa mælst afar vel fyrir hjá íbúum og gestum Borgarfjarðar og hlotið athygli í fjölmiðlum. Þá sáu Bryndís Snjólfsdóttir og Eyrún Hrefna Helgadóttir, í samstarfi við sjálfboðaliða, fyrir reglulegum opnunum í Lindarbakka í sumar auk viðburða í og við torfbæinn fallega sem er einn af mörgum seglum Borgarfjarðar. Öll þessi verkefni hlutu styrki úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar.

Á haustmánuðum komu Elín Elísabet og Rán aftur til að halda fuglateiknismiðju fyrir börn og fullorðna í tilefni af BRAS – barnamenningarhátíð Austurlands og í leiðinni varð til eins konar stuttmyndahátíð, þar sem þær frumsýndu stuttmynd um fyrrnefnt verkefni þeirra, Hótel Nýlundabúðina, en við sama tækifæri sýndi Rúnar Pétur Hjörleifsson snjóbrettakappi sína stuttmynd, Fjörd Lines. Íbúar tóku þátt í Dögum myrkurs á Austurlandi og fóru í ljósagöngu um þorpið þar sem ýmsar myrkraverur kættu (og kannski grættu?) viðstadda. Búðin á Borgarfirði, viðburðahaldarar á Lindarbakka og Blábjörg stóðu svo fyrir árlegum jóladegi í desembersem var vel sóttur af heimafólki og nærsveitungum.

Fjórir matvælaframleiðendur frá Borgarfirði tóku þátt í Matarmóti Matarauðs Austurlands í byrjun október. Sporður hf., Blábjörg/KHB brugghús, nautgripabændurnir Margrét Hjarðar og Jakob Sigurðsson í Njarðvík og Fiskverkun Kalla Sveins kynntu sínar vörur á fjölmennri samkomu í Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum.

Húsbyggingar og fegrun umhverfis hafa verið áberandi á árinu. Í mars fluttu fyrstu íbúar inn í tvö ný parhús sem Borgarfjarðarhreppur lét byggja veturinn 2020–2021. Einkaaðilar hafa líka tekið við sér í byggingu nýs húsnæðis og hafa tvö íbúðarhús risið og tvö ný sumarhús eru í byggingu. Þá hefur verið tekinn grunnur að atvinnuhúsnæði undir vatnsverksmiðju í landi Geitlands og ferðaþjónustan Álfheimar að byggja íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk. Blábjörg munu hefja byggingu starfsmannahúsnæðis á árinu 2022 auk þess sem tekinn hefur verið grunnur að nýbyggingu við Blábjörg þar sem rísa munu níu ný hótélherbergi auk glæsilegrar heilsulindar þar sem m.a. boðið verður upp á bjór- og

þaraböð. Þá stendur til að stækka útisvæðið enn frekar. Á árinu hafa mörg hús í þorpinu einnig fengið andlitslyftingu, nýja umferð af málningu eða verið klædd upp á nýtt. Þess má geta að nægt framboð á íbúðalóðum er á Borgarfirði og áhugasöm ættu að kynna sér það nánar.

Nú sér fyrir endann á vegagerð á Borgarfjarðarvegi en nú er einungis eftir óklæddur 15 km vegkafla á Borgarfjarðarvegi frá bænum Laufási að Eiðum á Fljótsdalshéraði. Verkið fór í útboð á vordögum 2021 og framkvæmdir hófust þá um sumarið. Verklok eru áætluð seinni hluta árs 2022 og verður þá hægt að aka á bundnu slitlagi bæði fram og til baka frá Borgarfirði. Verkið var upphaflega á framkvæmdaáætlun Samgönguáætlunar fyrir árin 2024-2026 en var flýtt vegna COVID-19.

Á tímabilinu hefur Austurbrú staðið fyrir fjórum íslenskunámskeiðum fyrir erlenda íbúa á Borgarfirði og hafa nemendur alls verið um 20. Það er sem fyrr Tinna Jóhanna Magnusson, kennari við Grunnskólann á Borgarfirði sem sér um kennsluna.

Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg er ein stærsta fjárfesting sveitarfélagsins Múlaþings á Borgarfirði næstu árin en markmið verkefnisins er að efla atvinnumöguleika á Borgarfirði eystra, búa til sterka umgjörð um félagsheimilið Fjarðarborg, nýta möguleika hússins betur en nú er gert og efla Borgarfjörð sem áhugaverðan búsetukost. Samfélagsmiðstöð er m.a. vettvangur fyrir hverskonar menningarstarfsemi, störf án staðsetningar, starfaferðalanga og „klaksetur góðra hugmynda“. Verkefnið hlaut 800.000 kr. styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands 2020 til að þróa hugmyndina í kringum Samfélagsmiðstöðina Fjarðarborg, 5 milljóna króna styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar árið 2020 og 10 milljóna króna styrk úr Öndvegissjóði Brothættra byggða (viðbragð við COVID-19) árið 2020 en fjármagnið er ætlað í framkvæmdir á efri hæð Fjarðarborgar. Hins vegar hefur framkvæmdum seinkað töluvert, bæði vegna COVID-19 en gott verður þegar skriður kemst á verkefnið aftur.

Samstarf verkefnisstjóra við Borgfirðinga, styrkþega, verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar, sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og Múlaþings og heimastjórn Borgarfjarðar hefur nú sem fyrr verið einstaklega góð. Flestir styrkþegar hafa gert sitt besta í skrítnum aðstæðum til að láta verkefnin sín ganga upp og þrátt fyrir allt hafa flest okkar markmið náð framgangi og blómstrað á árinu. Verkefnisstjóri verður ekki vör við annað en að íbúar séu ánægðir með framgang verkefnisins og þau markmið sem náðst hafa og eru í vinnslu og eru boðnir og búnir að aðstoða eftir þörfum og taka þátt – enda væri verkefnið ekki á þeim stað sem það er í dag ef ekki væri fyrir áhuga og frumkvæði íbúa.



Nýr útsýnispallur á Hafnartanga á Bakkafirði

BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Verkefnið Betri Bakkafjörður hófst snemma árs 2019 í samræmi við tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar. Á þessum tíma þótti ljóst að byggðin þyrfti á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll. Í mars sama ár var haldið íbúáþing sem var vel sótt. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og var áberandi að íbúar af erlendu bergi brotnir voru dugleg að mæta og taka þátt í umræðum, en mikið hafði verið lagt upp úr kynningu á erlendum málum. Einnig var boðið upp á túlkun á þinginu. Verkefnið var í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða á árinu.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu *Betri Bakkafjörður* er Gunnar Már Gunnarsson en hann tók við af Ólafi Áka Ragnarssyni á miðju ári.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Þorsteinn Ægir Egilsson, oddviti Langanesbyggðar

Baldvin Valdemarsson /Rebekka K. Garðarsdóttir, SSNE

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Gunnlaugur Steinarsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka V má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2021.

Styrkt verkefni

Í apríl 2021 var 13.893.680 krónum úr verkefninu Betri Bakkafjörður úthlutað til átta samfélagsefandi verkefna á Bakkafirði. Auglýst var eftir umsóknum í mars, fjórtán umsóknir bárust um styrki að upphæð kr. 76,5 milljónir. Til úthlutunar voru kr. 7,0 milljónir sem komu í gegnum verkefnið Brothættar byggðir fyrir árið 2021, auk þess kr. 6.893.680 sem verkefnisstjórn hafði innkallað frá fyrri úthlutunum. Alls var því úthlutað 13.893.680 krónum. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkupp hæðir má sjá í eftirfarandi töflu:

| Nafn verkefnis | Styrkhafi | Lýsing á verkefni | Styrkupp hæð |
|---|---------------------------------------|---|--------------|
| Pizzagerð | Hafnartangi v/Þórir Örn Jónsson | Styðja við starfsemina að Hafnartanga 4 og bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu. | 750.000 |
| Endurbætur á Björgunar- miðstöð | Björgunarsveitin Hafliði | Húsnæði Björgunarsveitarinnar Hafliða endurbætt. | 2.000.000 |
| Þjónustuhús v/útgerðar/ véla verkstæðis | Fljótir flutningar ehf. | Markmiðið er að bjóða upp á viðgerðarþjónustu á bílum, búnaði og tækjum. | 1.500.000 |
| Endurbætur á Bergholti | Áki Guðmundsson | Endurbætur á Bergholti er staðsett við innkeyrsluna inn í Bakkafjörð á lóð með útsýni yfir Bakkaflóann og út Langanesströnd. Húsið er elsta steinhús á staðnum. | 1.500.000 |
| Tanginn við ysta haf | Langanesbyggð | “Hafnartangi á Bakkafirði -áningarstaður við ysta haf” bætir aðstöðu fyrir ferðafólk á Tanganum upp af gömlu höfninni á Bakkafirði. | 4.000.000 |
| Ferðaþjónusta Skólagötu, Bakkafirði | Þórir Örn Jónsson | Efla ferðaþjónustu á svæðinu með því að bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu á svæðinu, vistlegan veitingastað og gístiaðstöðu. | 1.300.000 |
| Frisbígolf | Ungmennafélag Langnesinga | Verkefnið Frisbígolf var til uppsetningar á níu körfu Frisbígolfvelli á Bakkafirði. | 700.000 |

| | | | |
|-------------|------------------------------|---|---------------------------|
| Ærslabelgur | Ungmennafélag Langnesinga | Verkefnið Ærslabelgur styrkir innviði staðarins með því að auka fjölbreytni í afþreyingu sem nýtist heimafólki jafnt sem gestkomandi. | 2.143.680 |
| | | | Samtals kr. 13.893.680 |

Fundir

Verkefnisstjórn hélt sex formlega fundi á árinu. Verkefnisstjóri hefur setið fundi hverfaráðs Bakkafjarðar og verkefnisstjórnar um uppbyggingu á Tanganum. Þá eru haldnir reglulegir fundir starfsmanna SSNE. Dagsetningar verkefnisstjórnarfunda voru sem hér segir: Fjarfundur 9. febrúar, fjarfundur 27. maí, fjarfundur 10. ágúst, fjarfundur 30. ágúst, staðfundur á Bakkafirði 8. september og fjarfundur 17. desember. Íbúafundur var haldinn 8. september.



Íbúafundur á Bakkafirði

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Það er mat verkefnisstjóra að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á samfélagið á Bakkafirði. Bakkafjörður hefur tekið jákvæðum breytingum sem líkur eru til að styrki samfélagið til frambúðar. Ríki, sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt sitt af mörkum til að snúa þróun samdráttar og hnignunar við. Einstaklingar og fyrirtæki hafa komið með atvinnutækifæri á staðinn, bæði ný og eflt þau sem fyrir voru. Gert hefur verið átak í lagfæringu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, auk þess að lagfæra umhverfi þeirra. Hverfisráð Bakkafjarðar hefur eflst sem vettvangur fyrir íbúa til að vera virkir þátttakendur í stefnumörkun Langanesbyggðar innan svæðisins. Að endingu hefur vegakerfið milli þéttbýlisstaðanna verið bætt til muna. Þessar umbætur skipta máli bæði fyrir íbúa sem sækja vinnu og skóla milli staða en einnig fyrir ferðapjónustu, því vegurinn eins og hann var hefur verið þröskuldur gagnvart því að ferðapjónustuaðilar komi með ferðafólk inn á svæðið.

Samstillt átak íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka og ríkis er lykillinn að velgengni í verkefninu. Því hefur verið lögð

áhersla á aðkomu ríkisins og stofnana þess að sérstökum sáttmála til stuðnings framlagi íbúa og fyrirtækja við Bakkafloa og sveitarfélags. Vinnan við þennan sáttmála fór að miklu leyti fram á þessu ári þótt aðdragandinn sé lengri. Upphaflega tillagan var lögð fram í skýrslu nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkafloa, frá 16. nóvember 2018. Þegar nýstofnað Hverfisráð Bakkafjarðar tók til starfa árið 2020 skapaðist formlegur samráðsvettvangur milli íbúa og sveitarfélags og hafa íbúar frá þeim tíma verið leiðandi í þessari vinnu allri. Samfélagssáttmálinn byggir m.a. á tillögum hverfisráðs og endurspeglar þannig áherslumál íbúa. Hann var undirritaður í ársbyrjun 2022.

STERKAR STRANDIR

Undirbúningur að verkefninu hófst á árinu 2019 en formlega var því fylgt úr hlaði á íbúapingi sem haldið var í júní 2020 þar sem íbúar komu saman og unnu að markmiðum í tveggja daga vinnubúðum. Íbúapinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldi íbúafundarins vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og atvinnuþróunar auk sérstöðu byggðalagsins. Niðurstöður íbúapingsins, stöðugreiningin auk annarra greininga sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúafundi þann 12. nóvember 2020.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu *Sterkar Strandir* er Sigurður Líndal Þórisson.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jón Jónsson, fulltrúi sveitarfélagsins Strandabyggðar

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Lína Björg Tryggvadóttir, (jan. – nóv.), Agnes Arnardóttir (des.), fulltrúar Vestfjarðastofu

Angantýr Ernir Guðmundsson, fulltrúi íbúa

Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka VI má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2021.



Íbúafundur í Strandabyggð. Mynd: Laufey Kristín Skúladóttir

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir umsóknum 10. febrúar 2021. Umsóknarfrestur rann út 10. mars 2021. Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 7.270.000 kr. Alls bárust 31 umsókn um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 32.299.328. en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, kr. 7.270.000. Fjöldi góðra umsókna barst en ekki var hægt að úthluta styrkfé til allra verkefna að þessu sinni þar sem heildarupphæð umsókna var mun hærri en það fé sem til úthlutunar var.

Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti þessa styrkveitingu á fundi sínum þann 8. apríl 2021. Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu. Verkefni og styrkupphæð má sjá í eftirfarandi töflu:

| Nafn verkefnis | Styrkhafi | Lýsing á verkefni | Styrkupphæð |
|------------------------------|--------------------------|---|-------------|
| Krabbaveiðar frá Hólmavík | Ágúst Óskar Vilhjálmsson | Kanna hvort um nýtanlegt magn grjótkrabba til nytja á svæðinu sé að ræða og möguleika þess að gera krabbaveiðar að atvinnugrein á Hólmavík. | 1.000.000 |
| Útisvæði við Café Riis | Café Riis | Verkefnið snýst um að endurbæta og stækka þann sólpall sem við húsið er, og bæta og fegra útisvæði kaffihússins. | 650.000 |
| Hólmavík öl viðskipta-áætlun | Aleksandar Kuzmanic | Tilgangur verkefnisins er að gera viðskiptaáætlun og fýsileikarýni fyrir hugsanlegt örbrugghús á Hólmavík. | 600.000 |
| Uppbygging golfvallar | Golfklúbbur Hólmavíkur | Markmiðið er að byggja upp þrjár flatir á golfvelli í Skeljavík til að gera völinn betri og samkeppnishæfari. | 600.000 |
| Náttúru-barnaskólinn | Sauðfjársetur á Ströndum | Verkefnið Náttúrubarnaskólinn snýst um að byggja upp vandaða menntatengda ferðaþjónustu á Ströndum. | 600.000 |



Ragnar Kristinn Bragason kynnr verkefnisstjórn framkvæmdir á skíðasvæðinu í Selárdal. Mynd: Laufey Kristín Skúladóttir

| | | | |
|--|---|---|---------|
| Uppbygging á Skíðasvæði í Selárdal | Skíðafélag Strandamanna | Byggja upp og efla skíðasvæðið í Selárdal og efla starfsemi Skíðafélags Strandamanna sem hefur að aðalmarkmiði að halda úti æfingum fyrir börn og unglunga á svæðinu. | 600.000 |
| Sjólfpróttafélag í Steingrímsfirði | Bjarni Þórisson | Markmið verkefnisins er að stofna sjólfpróttafélag með almennri þátttöku íbúa. | 500.000 |
| Húsavíkurbúíð-tækjakaup | Hafdís Sturlaugsdóttir | Kaup á tækjum til að auðvelda þróun á nýjum framleiðsluvörum úr kindakjöti | 500.000 |
| Skúlpúraslóð - annar áfangi | Arnkátla - lista- og menningarfélag | Auka aðdráttarafli Hólmavíkur fyrir ferðafólk og listunendur með því að byggja upp skúlpúraslóð inn fyrir þorpið á Hólmavík. | 400.000 |
| Úttekt um héraðs-skjalasafn | Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa | Gera úttekt um stofnun Héraðsskjalasafns á Ströndum. | 400.000 |
| Skrifstofu-aðstaða fyrir verkefnisstjóra | Kyrrðarkraftur | Markmið verkefnisins er að útbúa vinnuáðstöðu fyrir verkefnastjóra/-stýru Kyrrðarkrafts með því að leigja skrifstofu í bróunarsetrinu á Hólmavík. | 350.000 |

| | | | |
|---|-------------------------------------|--|--------------------------|
| Álagablettir | Sauðfjársetur á Ströndum | Útgáfu bókarinnar Álagablettir á Ströndum. Bókin er byggð á sýningu um álagabletti á Sauðfjársetrinu í Sævangi og frekari rannsóknum höfunda á efninu. | 300.000 |
| Leikfélag í 40 ár | Leikfélag Hólmavíkur | Markmið verkefnisins er að draga saman til varðveislu og miðlunar sögu félagsins sl. 40 ár. Einnig að vekja athygli á mikilvægi leikfélagsins í samfélaginu í Strandabyggð. | 270.000 |
| Laupur - Setur íslenska hrafnsins - fýsileikakönnun | Bador slf | Markmiðið er að gera fýsileikakönnun á því að fara í framkvæmdir á vatnstankinum fyrir ofan Hólmavíkurkirkju með það fyrir augum að skapa þar aðstöðu fyrir sýningarrými og útsýnispall. | 250.000 |
| Allra veðra von - sirkussýning og -smiðja | Arnkatla - lista- og menningarfélag | Sirkussýningin Allra veðra von og sirkusnámskeið Hringleiks á Hólmavík í samstarfi við Arnkötlu - lista- og menningarfélag. | 250.000 |
| | | | Samtals kr. 7.270.000 |

Fundir

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls sjö sinnum með fjarfundabúnaði árið 2021, m.a. 16. mars, 8. apríl, 30. apríl, 10. júní, 11. nóvember og 15. desember. Því til viðbótar var haldinn staðfundur 28. janúar og staðfundur og íbúafundur þann 22. júní 2021 og verkefnisstjórn kom þá saman til vettvangsferðar um Strandabyggð og til fundar við sveitarstjórn. Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum og óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrir tæki og íbúa. Verkefnisstjórar allra verkefna Brothættra byggða hittast aukin heldur mánaðarlega.

Úr samantekt verkefnisstjóra:

Á síðasta ári setti verkefnisstjóri fram tvær úrbótatillögur í þessum hluta ársskýrslunnar. Sú fyrri var svohljóðandi: „Styrkfé verði aukið til muna og verði árlega síst minna en það var árið 2020 með viðbótarframlagi vegna heimsfaraldurs. Á sömu forsendum verði Öndvegissjóður árviss, og fjármunir hans síst minni en 2020.“

Það er sönn ánægja að geta tilkynnt hér að þessi tillaga hefur að mörgu leyti nú orðið að veruleika, þar sem samþykkt hefur verið að fjármunir til fjölmennari byggðarlaga verði auknir árið 2022. Þess er ekki vanþörf, og er það skoðun verkefnisstjóra að árangur verkefnisins í atvinnuuppbyggingu stóraukist með tilkomu þessa aukna fjármagns. Er

Byggðastofnun hér færðar bestu þakkir fyrir.

Ekki verður hjá því komist hér að geta þess að ýmsar deilur innan stjórnslu og samfélagsins í Strandabyggð hafa verið framgangi verkefnisins til trafala og grafið undan þeirri samstöðu sem nauðsynleg er til að það geti náð tilætluðum árangri.

Hin úrbótatillagan var svohljóðandi og fær að standa óhöggðuð og áfram, þar sem hér hafa aðstæður ekki breyst:

„Hvert ráðuneyti þurfi að skilgreina a.m.k. eina aðgerð sem það komi með inn í hvert einasta þáttökubyggðarlag og ljúki á tímabili verkefnisins.“

Ofangreindar aðgerðir væru ríkissjóði ekki mikil skuldbinding, þar sem þáttökubyggðalög eru ekki mörg á hverjum tíma, en væru lítil skref í þá átt að bæta áratugalangt kerfislægt búsetubundið misrétti.

Það er rétt rúmlega eitt og hálf ár síðan að verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf, og á því tímabili öllu hefur heimsfaraldur sett mark sitt á heimsbyggðina alla og verkefnið hefur ekki farið varhluta af því. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, en sé nú að komast af stað með nokkrum þunga. Íbúar eru stöðugt betur að átta sig á þeim tækifærum sem í verkefninu felast og aukinn kraftur er að færast í verkefnið.



Raufarhöfn

BYGGÐARLÖG SEM LOKIÐ HAFA ÞÁTTTÖKU Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Sex byggðarlög hafa formlega lokið þátttöku í verkefninu, þ.e.a.s. Byggðastofnun hefur dregið sig út úr verkefnunum skv. samningum. Þau eru Raufarhöfn með verkefnið Raufarhöfn og framtíðin, Breiðdalur með verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina, Bíldudalur með verkefnið Bíldudalur- samtal um framtíðina, Skaftárhreppur með verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar og Hrísey með verkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar.


Enn fremur lauk verkefninu Öxarfjörður í sókn í Öxarfjarðarhéraði í lok ársins 2020. Þess ber þó að geta að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19 síðustu tvö ár gafst ekki tækifæri til að halda loka íbúafund í byggðarlaginu þar sem til stóð að leggja mat á verkefnið og ígrunda áætlanir um verkefnið til framtíðar. Ráðgert er að slíkir fundur verði haldinn um leið og færi gefst á árinu 2022.



Brim í Núpasveit við Öxarfjörð

5. ÍBÚAÞRÓUN

Í rökstuðningi Alþings með fjárveitinum til verkefnisins er vísað til þess að verkefnið nýtist byggðarlögum sem hafa átt í langvarandi vanda vegna fækkunar íbúa að etja. Enda er meginmarkmið verkefnisins að sporna við þeirri þróun. Því er eðlilegt að líta á þróun í mannfjölda þáttökubyggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2022.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða eru mis langt á veg komin. Í fljótu bragði séð virðast þau byggðarlög sem hafa verið þátttakendur í verkefninu um einhvern tíma eiga það sameiginlegt að tekið hefur að mestu fyrir hraða fækkun íbúa og jafnvægi náðst eða íbúum tekið að fjölga á ný m.v. upphafsár viðkomandi verkefnis. Undantekning er þó verkefnið í Grímsey, þar hefur fólksfækkun verið viðvarandi. Bæði Árneshreppur og Grímsey eru það fámenn að skóla hefur verið lokað tímabundið. Bakkafjörður er einnig í mikilli varnarbaráttu og þar hefur skóla verið lokað líkt og í Grímsey og Árneshreppi. Um Strandabyggð er of snemmt að draga ályktanir af tölum um fjölda íbúa, aðeins eitt og hálf ár liðið frá íbúapöpingu. Því miður hefur orðið mikil fólksfækkun í byggðarlaginu á síðustu árum og áratugum. Óskandi er að verkefnið Sterkar Strandir nýtist íbúum byggðarlagsins sem best til að snúa vörn í sókn.

6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM Í BYGGÐARLÖGUM SEM ERU Í FRAMKVÆMDAÁFANGA VERKEFNISINS

Verkefni sem styrkt hafa verið frá upphafi verkefnisins eru fjölmörg og fjölbreytt og snerta margar hliðar atvinnulífs, menningar og félagslífs í þátttökubyggingarlögunum. Hér getur að líta umfjöllun og örfá dæmi af mörgum um vel heppnuð frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði Brothættra byggða á undanförunum árum. Fjöldi annarra verkefna hefði sómt sér vel á þessum lista.

UPPTÖKUVER KÓMEDÍULEIKHÚSSINS - ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

Kómedíuleikhúsið hefur gefið út fjölmargar hljóðbækur í gegnum árin. Þá hefur þurft að fara af bæ til að fara í upptökuver og fylgir því mikill aukakostnaður. Heimsfaraldurinn hefur í raun kippt mjög fótunum undir listastarfsemi nánast sama hvað hún heitir. Nema kannski hljóðverka og sjónverka. Með verkefninu upptökuver Kómedíuleikhússins leituðu eigendur nýrra leiða til að reka áfram atvinnuleikhús á Þingeyri. Tilkoma eigin upptökuvers var stór liður í að skapa grundvöll fyrir atvinnu í Kómedíuleikhúsinu. Verkefnið var styrkt af Frumkvæðissjóði Allra vatna til Dýrafjarðar.

Umfjöllun um hljóðverið má finna [hér](#).

KLETTAKLIFUR- ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Upp úr síðustu aldamótum fóru áhugamenn að huga að klifurmöguleikum við Norðurfjörð og þá voru boltaðar fimm leiðir. Svæðið féll í gleymsku þar til sumarið 2016 en þá fór þriggja manna hópur klifrara norður og gerði sér grein fyrir miklum möguleikum svæðisins. Undanfarin ár hafa öflugir einstaklingar unnið að merkingum og boltun klifurleiða og á árinu 2021 hlutu þau styrk frá verkefninu Áfram Árneshreppi til verksins ásamt styrkjum frá fleiri aðilum. Svæðið er nú næst stærsta sportklifursvæði landsins (heimildir: lokaskýrsla verkefnisins ásamt vefnum klifur.is).

Nánari upplýsingar um klettaklifur í Norðurfirði má sjá [hér](#).

KROSSNESLAUG - ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Krossneslaug er útivistarperla sem er að finna við fjöruborðið nokkra kílómetra frá Norðurfirði í Árneshreppi. Laugin var tekin í notkun árið 1954. Undanfarin tvö ár hafa miklar framkvæmdir staðið yfir við Krossneslaug sem m.a. hafa verið styrktar úr sjóðum Brothættra byggða þ.e. Frumkvæðissjóði og Öndvegissjóði, einkum í tengslum við fjárfestingaráttak

stjórnvalda 2020. Mikil bragarbót var gerð á aðstöðu fyrir gesti laugarinnar og starfsfólk. Framkvæmdum lauk snemmsumars 2022.

Nánari upplýsingar um Krossneslaug má sjá [hér](#).

KHB BRUGGHÚS - BETRI BORGARFJÖRÐUR

Eigendur Blábjarga, þau Auður Vala Gunnarsdóttir og Helgi Sigurðsson hafa undanfarin ár staðið að uppbyggingu bjór- og víngerðar í húsi sem reist var 1897 og hýsti lengst af verslun á Borgarfirði undir ýmsum formerkjum. Blábjörg ehf keyptu húsið 2015 og síðan hefur það verið endurbyggt í samstarfi við Minjastofnun og Húsfriðunarnefnd. Verkefnið Betri Borgarfjörður styrkti gerð viðskiptaáætlunar fyrir nýtingu hússins og síðar vörupróun og kaup á dósavél. Verkefnið um KHB Brugghús ber vitni miklum metnaði eigenda og hefur verið mikilvægur þáttur í þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á Borgarfirði eystri á verkefnistímanum.

Nánari upplýsingar um KHB-Brugghús má sjá [hér](#).

HÓTEL NÝLUNDA BÚÐIN - BETRI BORGARFJÖRÐUR

Elín Elísabet Einarsdóttir Rán Flygenring hlutu styrk til að fylgja eftir vel heppnuðu verkefni um Nýlundabúðina í Hafnarhólma á Borgarfirði eystri. Verkefni þeirra 2021 var að setja upp lundahótel við Hafnarhólma/Borgarfjarðarhöfn. Bæði verkefni vekja jákvæða athygli á Borgarfirði eystri, ekki síst falletgri höfninni og Hafnarhólmanum.

Umfjöllun um Lundahótelið má sjá [hér](#).

ARCTIC TRIP - GLÆÐUM GRÍMSEY

Arctic trip er félag í eigu Höllu Ingólfisdóttur. Hún hefur á síðustu árum unnið markvisst að því að byggja upp ferðapjónustu í Grímsey með áherslu á sérstæða náttúru eyjarinnar og hefur félagið hlotið til þess stuðning úr verkefninu Glæðum Grímsey. Á árinu 2021 hlaut félagið styrk til að markaðssetja ferðapjónustu í Grímsey í skugga COVID-19.

Umfjöllun um Arctic trip má sjá [hér](#).

KRABBAVEIÐAR - STERKAR STRANDIR

Tveir ungir menn, þeir Hafþór Torfason og Ágúst Óskar Vilhjálmsson fengu á árinu 2021 styrk til að kanna möguleika á veiðum og vinnslu á grjótkrabba. Þeir, líkt og margir frumkvöðlar í Brothættum byggðum hafa notið aðstoðar verkefnisstjóra, í þessu tilviki Sigurðar Líndal Þórissonar, verkefnisstjóra Sterkra Stranda. Þeir fengu einnig styrk úr Matvælasjóði síðar á árinu 2021 og halda ótrauðir áfram að þróa verkefnið í félagi sínu, Hafgusti ehf. Þeir hafa m.a. fjárfest í báti til verkefnisins, auk þess að koma sér upp aðstöðu í landi til vinnslunnar.

Um fjöllum um verkefnið má sjá [hér](#).

MELAR OG BAKKABÖÐIN- ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Þau Hildur Óladóttir og Sigþór Heimisson hafa á undanförunum árum unnið að endurbýggingu eins elsta hússins á Kópaskeri, Mela, og komið þar upp gistiheimilinu Melum og böðum, Bakkaböðum, af miklum myndarskap. Í verkefninu hafa þau meðal annars notið þátttöku stórs hóps laghentra systkina Hildar og fjölskyldna þeirra. Uppgerð hússins og aðstaðan öll er til mikillar fyrirmyndar. Þau hafa hlotið styrki úr Öxarfirði í sókn til endurbýggingar hússins og nú síðast til þjónustuhúss við Bakkaböðin á árinu 2021.

Um fjöllum um verkefnið má sjá [hér](#).

KJÖTVINNSLA Í ÁRDAL - ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Hjónin Salbjörg Matthíasdóttir og Jónas Þór Viðarsson stunda sauðfjárbúskap og hlutu styrki úr Framkvæðissjóði Öxarfjarðar í sókn og Öndvegissjóði Brothættra byggða á árinu 2020 til að byggja upp kjötvinnslu heima á bænum Árdal í Kelduhverfi. Þau hafa síðan unnið að uppbyggingu vinnslunnar og eru að komast í þá stöðu að geta tekið allt sitt lambakjöt heim til vinnslu og sölu.

Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá [hér](#).

HAFNARTANGINN - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Grettistaki hefur verið lyft í að bæta aðstöðu, aðgengi og öryggi ferðamanna á Hafnartanganum ofan við gömlu höfnina á Bakkafirði. Útsýnispallur hefur verið byggður sem og áningarstaður með bekk, bílastæði fyrir fatlaða og göngustígar lagðir. Frá Tanganum er útsýni út Bakkaflóa og á góðviðrisdögum blasir Gunnólfsvíkurfjallið við. Hafnartanginn var styrktur af Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða, Langanesbyggð og Framkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar. Vonir standa til að Hafnartanginn laði að enn fleiri ferðamenn í byggðarlagið enda miðsvæðis og góð aðstaða til að staldra við og njóta útsýnis yfir Bakkaflóann.

Um fjöllum um vígslu Hafnartangans má sjá á vef Langanesbyggðar [hér](#).



Á Hafnartanganum
á Bakkafirði

7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTAR BYGGÐIR

Stefnt er að því að gera árlega könnun meðal verkefnisstjórna þátttökubýggðarlaganna en af því varð þó ekki á árinu 2021. Gerð var könnun á viðhorfi styrkhafa í Brothættum byggðum í nóvember 2020 og í lok árs 2019 / upphafi árs 2020 var gerð könnun á viðhorfum verkefnisstjórnarfulltrúa til verkefnisins og framkvæmdar þess. Fjallað er ýtarlega um niðurstöðurnar í ársskýrslu Brothættra byggða fyrir árið 2019, 8. og 9. kafla, sjá hér. Til stendur að viðhorfakönnun verði gerð meðal verkefnisstjórna á árinu 2022.

Haustið 2021 voru tekin rýnihópaviðtöl á þingeyri og nærsveitum til að kanna viðhorf til verkefnisins Öllvötn til Dýrafjarðar. Tilgangur rýnihópaviðtalanna var að tryggja að sýn og raddir íbúa komi skýrt fram um stöðu Allra vatna til Dýrafjarðar og þau sóknarfæri sem felast á viðbótarári verkefnisins en síðla hausts 2021 samþykkti stjórn Byggðastofnunar framlengingu á verkefninu til loka árs 2022. Alls voru fimm rýnihópaviðtöl tekin við fulltrúa íbúa í Dýrafirði, þ.m.t. viðtal við verkefnisstjórn ÖvD. Í hverjum rýnihópi voru fimm til níu þátttakendur en alls voru þeir 40. Þátttakendur fengu í hendur undirbúningsskjal þar sem framkvæmd rýnihópaviðtala og viðfangsefni var kynnt fyrir viðtalið. Tveir fulltrúar Byggðastofnunar önnuðust framkvæmd rýnihópaviðtalanna og úrvinnslu þeirra. Hvert rýnihópaviðtal tók að jafnaði um 1-1½ klst. Niðurstöður rýnihópaviðtalanna voru í heildina tekið jákvæðar og þar er einnig að finna góðar ábendingar um það sem laga mætti á lokaári. Samantekt á niðurstöðum má sjá [hér](#).

Á árinu var lögð fyrir íbúakönnun á Borgarfirði til að meta stöðu og árangur verkefnisins, auk þess að afla gagna um samfélagið almennt. Sambærileg könnun hafði verið gerð af heimafólki áður en verkefnið Betri Borgarfjörður hóf göngu sína og því mjög áhugavert að sjá breytingar til samfélagsins á verkefnistíma Betri Borgarfjarðar. Þetta verklag á Borgarfirði er því til mikillar fyrirmyndar. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á íbúafundi ársins og má skoða niðurstöður [hér](#).

8. VIÐAUKAR

VIÐAUKI I. GLÆÐUM GRÍMSEY, STAÐA STARFSMARKMIÐA

| Meginmarkmið 1: Traustur grunnatvinnuvegur | | | | | | |
|---|----|-----|-----|-----|------|---|
| Starfsmarkmið | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar |
| 1.1: AÐ TRYGGJA AFLAMARK TIL NÆSTU ÁRA | | | | | | Sértæki byggðakvótinn er tryggður út fisveiðiárið 2024. |
| 1.2: AÐ STYRKJA NÝLIÐUN Í SJÁVARÚTVEGI | | | | | | Fundur með Byggðastofnun þar sem sjónarmiðum og tillögum að breyttum "kriteríum" við úthlutun var komið á framfæri. Skipaður hópur úr verkefnisstjórn til að taka málið lengra. |
| 1.3: EFLA FRUMKVÖÐLA- OG NÝSKÖPUNARSTARFSEMI | | | | | | Til ársins 2021 var nýsköpunar- og frumkvöðlastarf aðalega styrkt úr Frumkvæðissjóði GLG. Í lok árs voru nokkur ný verkefni í farvatninu sem hugðust sækja um í Frumkvæðissjóðinn (nb. engin úthlutun 2021.) og í aðra sjóði. |
| 1.4: FERÐAMENN Í RÓÐRA | | | | | | Lokið en árangurs. Þessi möguleiki var kannaður en vegna kostnaðar við tryggingar var þessi leið ekki farin. |
| Meginmarkmið 2: Samheldið og þróttmikið samfélag | | | | | | |
| Starfsmarkmið | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar |

| | | | | | |
|---|--|--|--|--|---|
| 2.1 AFSLÁTTUR Í FERJU OG FLUG | | | | | Kominn er afsláttur af flugfargjöldum fyrir íbúa í Grímsey. Haustið 2021 var óvissa með útboð á flugi Ak-Gri-Ak og flugleið. Sjónarmiðum var komið á framfæri á fundi með forsætisráðherra. Niðurstaðan varð að flug til Grímseyjar var tryggt áfram. Ekki reynist unnt að fá afslátt á flutningi í ferjuna Sæfara. |
| 2.2 (UPPFÆRT 2020 OG 2021): FJÖLGA FERÐUM SÆFARA OG TRYGGJA FJÖLDA Í ÚTBOÐI | | | | | Ferðum ferjunnar fjölgaði eftir að nýr samningur vegna ferjusiglinga tók gildi 2018. Komið hefur verið á samtali við vegagerðina og ósk um að Grímseyingar eigi beina aðkomu að þeim samningi (mars 2022) |
| 2.3: BÆTT GSM-SAMBAND OG AIS TILKYNNINGARKERFI | | | | | Símsamband batnaði með nýjum búnaði sem settur var upp 2016 og 2017. AIS kerfið (staðsetningarkerfið) er óbreytt og er enn í ólagi Skipin detta út. Mila/Landhelgisgæslan hafa með þetta að gera. |
| 2.4: KOMA Á SAMSTARFI UM ORKUSKIPTI | | | | | Samstarf hafið og orkuskipti hafin. Kynningarfundur var í september 2021. |
| 2.5: FRÁVEITUMÁL | | | | | Lokið. Norðurorka setti upp rotþrær 2021. |
| 2.6 (ENDURBÆTT 2021): GATNA- OG VEGAGERÐ | | | | | Listi yfir viðhaldsþörf er kominn til Akureyrarbæjar. Norðurorka fyllti upp í einhverjar holur á götunni um leið og rotþrærnar voru settar. |
| 2.7 (NÝTT 2019): ÍBÚÐARHÚSNÆÐI. Farið verði í greiningu á húsnæðiskosti Grímseyjar og það skoðað hvort raunhæft sé að bærinn kaupi laust húsnæði. Laust húsnæði væri hægt að nýta til að koma á fót vinnustofum eða | | | | | Verkefni ekki hafið. |

| | | | | | |
|---|--|--|--|--|---|
| aðsetri fyrir listamenn. | | | | | |
| 2.8: VIÐTALTÍMAR BÆJARFULLTRÚA – Á EKKI LENGUR VIÐ | | | | | Verkefni í raun lokið. Sveitarfélagið telur viðtalstíma í raun aðgengilega fyrir alla í gegnum síma, þ.e. að allir hafi jafnan aðgang að bæjarfulltrúunum. |
